

Umræða um aukið álag á starfsfólk leikskóla eftir að stytting vinnuvikunnar kom til framkvæmdar (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)

Greinargerð

Árið 2021 var ákveðið að fara í styttingu vinnuvikunnar. Tvennum sögum fer af því hvernig framkvæmdin hefur gengið og hvort hún hafi leitt til góðs fyrir alla. Aðgerðinni var eðlilega fagnað, hver vill ekki stytta vinnuvikuna? Enginn vill sleppa vinnutímastyttingunni. Með því að stytta vinnutíma eykst almenn starfsánægja og fullvíst má telja að tíðni veikinda lækkar. Ekki liggur fyrir hvort útfærslu sé ólokið á einhverri stofnun.

Því miður hefur nú komið á daginn að aðgerðin hefur valdið auknu álagi á sumar stéttir og jafnvel vanlíðan. Hér er sérstaklega rætt um starfsfólk á leikskólum.

Síðan vinnutímastytting tók gildi í leikskólum hefur álag á starfsfólk aukist sem þó var mikið fyrir. Strax í innleiðingarferlinu hjá leikskólum varð ljóst að stytting vinnuvikunnar yrði krefjandi verkefni líkt og hjá öðrum starfsstöðvum þar sem unnið er með fólk. Vinnutímastyttingin bættist þá ofan á þá manneklu og langtímaveikindi sem lengi hefur hrjáð starfsemi leikskólanna í Reykjavík. Dæmi eru einnig um að á sömu starfsstöð sé tvenns konar útfærsla á vinnutímastyttingu í gangi, annars vegar hjá faglærðum leikskólakennurum og öðrum félagsmönnum Félags leikskólakennara og hins vegar hjá ófaglærðu starfsfólki. Heyrst hefur einnig að starfsfólk sé beðið um að taka af styttingunni sinni ef það þarf að skreppa frá, t.d. fara til læknis.

Meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur ítrekaði strax í upphafi ferilsins að stytting vinnuvikunnar mætti ekki kosta borgarsjóð neitt. Ljóst var frá byrjun að það var með öllu óraunhæft. Útilokað var að stytta vinnuviku án kostnaðar t.d. hjá þeim sem vinna vaktavinnu en einnig hjá þeim sem eru í dagvinnu. Aðgerðin var flókin enda þurfti ekki aðeins að breyta vaktaplaninu heldur einnig forritum sem halda utan um launamál. Fulltrúi Flokks fólksins hefur óskað upplýsinga um hvað aðgerðin kostaði þegar upp var staðið, hjá dagvinnufólki annars vegar og hjá vaktavinnufólki hins vegar. Ekki hefur borist svar frá mannauðs- og starfsumhverfissviði við fyrirspurn um kostnað við styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu t.d. kostnað við að bæta í mönnunargöt í dagvinnu.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir umræðu um málið í borgarstjórn og sérstaklega þann hluta að styttingin sé mögulega að valda sumu starfsfólki enn meira álagi en það var undir fyrir styttingu vinnuvikunnar.